

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf. Húsatóftum, Grindavík



Dags eftirlits	18.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Húsatóftum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Lilja Benediktsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Engar ábendingar voru gerðar.
Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku ehf., Húsatóftum.

Samkvæmt starfsleyfi Matorku ehf. Húsatóftum sem gildir fyrir klakfiskaeldi á lax, bleikju og regnbogasilung, má ala allt að 200 tonnum árlega. Framleiðsla árið 2021 var 120 tonn og árið 2020 var framleiðslan 27,7 tonn.

Öll ker í stöðinni eru innandyra. Tvöfaldur olíutankur er fyrir varaafstöð. Frárennsli frá stöðinni fer beint í sjó.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)
 - Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
 - Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
 - Kynning á nýrri gjaldskrá UST
 - Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
 - Önnur mál
 - Skoðunarferð
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Engar breytingar hafa orðið frá síðasta eftirliti.
 - Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)
Ekki er gerð krafa í starfsleyfi um að gögnum sé skilað, en þau skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum. Rekstraraðili hefur þó sent inn grænt bókhald og skráningar fyrir stöðina og eru engar athugasemdir gerðar við gögnin. Losun á fosfór hefur undanfarin ár verið á milli 6 og 7 kg á hvert framleitt tonn. Losun á köfnunarefni hefur verið á milli 30 og 40 kg á hvert framleitt tonn.
 - Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.
 - Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
Kynnt var nýleg heimilid Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.
 - Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á starfsvæði Matorku, Húsatóftum.
 - Kynning á nýrri gjaldskrá UST
Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.
 - Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 10. september 2026. Vegna óvissu um hvenær næsta eftirlit verður, er rekstraraðila nú bent á að sækja þarf tímanlega um nýtt starfsleyfi, eða í síðasta lagi fyrir árslok 2025.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Lóð er snyrtileg og vel frá öllu gengið. Engar athugasemdir eru gerðar þar um.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.05.2023


Freyr Ævarsson